

er á allsherjar kirkjufundi „slegið föstu“, að kredd-
an sje guðdómlegur sannleiki?

Úr ritgjörð nokkurri í einu af aðal-kirkju-
málaritum Missouri-sýnóðunnar, er hljóðar um guð-
dómlegleika heilagrar ritningar, tilfærir Asperheim
pessiorð: „það er eins **guðdómlega vist**,
að sólin í sífelli hreyfir sig á himninum umhverfis
jörðina eins og það er vist, að guð hefir grund-
vallað jörðina“. Hjer er það, segir svo Asper-
heim, skýrt tekið fram, að enginn gefi ritning-
unni þau heidur, sem henni ber, nema hann sje
guðdómlega fullvissadur um, að sól-
in snúist um jörðina. Í hvilíkar nauðir mun
margur sá, er þer fullt traust til Missouri-sýn-
óðunnar, komast sökum þessa uppástands. Er
það í sannleika svo, mun margur áhyggjufullur
spyrja, að eg ekki trúi biblíunni nema því að eins
að eg skoði orðatiltæki þau, er þar eru höfð
um afstöðu sólarinnar og jarðarinnar hvorrar til
annarar sem stjörnufræðislegan grundvallarsannleika,
sem bannar alla sjálfstæða vísindalega rannsókn
um þetta efni? Hjer verður ný villa fyrir oss,
sem er afleiðing af kreddu-sláttar-tilhveiging
Missouri-sýnóðunnar: Með því að heimta að menn
játist undir það, sem að öllu leyti liggur fyrir
utan kristilegt trúarlíf, og það með slíkri alvöru
eins og sáluljálpin sjálf væri í veði, og með því,
ógnandi að halda því fram að grundvelli trúarinn-
ar sje kollvarpað, sje að einhverju leyti vikið frá
slíkum auka-atröðum, leiðist samviskan á villuveg
og kyrkingur kemst í hið persónulega líf mannsins.
Hve auðveldlega fælist ístöðulaus maður frá sjálf-
stæðri rannsókn heilagrar ritningar og kristilegri
hugsun, þegar hann veit, að með því að að.